

Arfleifðin afhjúpuð

Unlocking Hidden Heritage

Vinnusmiðja á Írlandi

Þriðja vinnusmiðjan fór fram á Írlandi dagana 1. til 11. apríl 2008. Umsjón hennar var í höndum Jerrys Hawe, en fyrirtæki hans *Sylvion* er einn samstarfsaðila verkefnisins. Íslensku þátttakendurnir voru þau Einar Skúli Hjartarson, húsasmíðameistari sem vinnur hjá Húsafriðunarnefnd og hefur umsjón með viðhaldi húsanna í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, og Guðlaug Vilbogadóttir, fornleifafræðingur hjá Byggðasafni Árnesinga og annar íslensku verkefnisstjórnanna.

Verkefni vinnusmiðjunnar var að byggja grind húss þar sem höfð var hliðsjón af húsum sem byggð voru á svonefndum *Crannog*, en það eru manngerðar eyjar sem þekktar eru á Írlandi og vesturhluta Skotlands frá 4. til 10. öld e. Kr. Dæmi eru um að búið hafi verið í slíkum húsum allt fram á 17. öld á Írlandi. Eyjarnar voru hlaðnar upp í grunnum vötnum. Að þeim lá brú úr timbri og oft var há timburgirðing umhverfis eyjuna til að verjast bæði mönnum og skepnum. Húsin á eyjunum voru hringlaga með veggjum sem fléttaðir voru úr viðargreinum og síðan makað á þá leir, mold og jafnvel mykju. Þökin voru strýtulaga grind sem á var sett stráþak.

Vettvangur vinnusmiðjunnar var garður sem kallast *Brigit's Garden*, skammt frá borginni *Galway*, þar sem þátttakendur höfðu aðsetur. *Brigit* var keltnesk gyðja sem segja má að hafi fengið nýtt hlutverk á 6. öld þegar hún var tekin í tölu kaþólskra dýrlinga. Garðurinn er tileinkaður sögnum um Brigit þar sem lögð er áhersla á listir og náttúru. Húsið sem byggt var er hugsað sem athvarf fyrir veðri og vindum fyrir hópa skólabarna sem eru tíðir gestir í garðinum. Þar verða börnunum sagðar sögur af Brigit og lifnaðarháttum Kelta. Auk þess geta þeir fjölmörgu gestir garðsins sem vilja frið og ró fundið afdrep í húsinu, sem getur komið sér vel hvort sem er í glampanði sól eða hellirigningu.

Auk íslensku þátttakendanna unnu að byggingu hússins í lengri eða skemmri tíma tveir þátttakendur frá Englandi, Slóvakíu og Þýskalandi og einn frá Kýpur. Auk þess kom hópur

stúdentu frá Þýskalandi ásamt leiðbeinanda sínum til aðstoðar og þrjú ungir menn sem unnu að samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar. Þá má ekki gleyma Írunum tveimur sem voru þátttakendum til halds og trausts allan tímann.

Fyrsta verk hópsins var að grafa holur og reisa stoðir sem mörkuðu útveggi hússins. Í stoðirnar voru notaðir eikarbolir. Fletta þurfti berkinum af öllum við sem notaður var í húsið, en barkarlaus verður hann mun endingabetri, því raki, skordýr og mygla sem sitja í berkinum rýrir endingu viðarins. Þegar búið var að koma stoðunum niður eftir mikla og erfiða baráttu við gríðarstórt bjarg í einni holunni var tekið til við að flétta veggina. Til þess voru notuð rôtarskot af hesliviðartrijám. Sverustu teinungana þurfti að kljúfa, sem var mikið verk. Þá var komið að því að reisa sperrurnar, sem voru um 5 m langir bolir úr aski. Við það verk þurfti sameiginlegt átak þátttakenda, en bolirnir voru teknir saman, bundnir í toppinn og festir á veggjarstoðirnar. Loks voru festir klofnir, láréttir bútar úr aski á milli sperranna, en á þá var stráþakið lagt. Síðasti vinnudagurinn var síðan notaður til að gera bekkir sem nota á í húsinu, en þá voru Íslendingarnir lagðir af stað heim á leið. Ekki hefur verið ákveðið hvort makið verði leir á veggina, en stráþak verður sett á húsið á sérstöku námskeiði sem haldið verður í júní 2008.

Þó halda þurfti vel á spöðum til að ljúka verkinu í tæka tíð gáfu þátttakendur sér tíma til að verja tveimur dögum til skoðunarferða. Annan daginn var gengið um svæði þar unnið er að því að rækta að nýju gamalt skóglendi, þar sem meðal annars óx hesliviður, eik og askur. Einnig voru skoðaðar þarna minjar um þorp sem fór í eyði í kartöfluplágunni miklu á Írlandi á árunum 1846 til 1847. Þá var skoðuð sú deild írsku þjóðminjasafnsins sem tileinkuð er lífinu á landsbyggðinni frá 1850 til 1950. Seinni skoðunardaginn var haldið til *Craggaunowen*, sem er garður þar sem endurgert hefur verið umhverfi frá járnöld. Þar er meðal annars *Crannog* með húsum og stauragirðingu í kring, grjóthlaðin hús, rennibekkur, vefstólar og fleira. Þarna er einnig kastali frá miðöldum og *Brendan-báturinn*, sem notaður var til að sigla í kjölfar *St. Brendan* sem sagður er hafa siglt meðal annars til Íslands og Ameríku á 6. öld. Þátttakendum fannst afar athyglisvert að skoða húsið „sitt“ í „réttu og lifandi“ umhverfi.

Íslendingarnar höfðu verulega ánægju af því að taka þátt í þessari vinnusmiðju, þó þeir kæmu örþreyttir heim á hótél eftir vinnu dagsins. Sérstaklega var áhugavert að kynnast þeirri virðingu sem sumir þátttakendanna báru fyrir þeim efnivið sem notaður var, eðliseiginleikum hans og notkunarmöguleikum.